

Skjal þetta veitir fjárfestum lykilupplýsingar um sjóðinn ÍV Íslensk hlutabréf – Aðallisti. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingum sem fram koma er ætlað að aðstoða fjárfesta að leggja mat á eðli og áhættu þess að fjárfesta í sjóðnum og gera fjárfestum betur kleift að bera hann saman við aðra fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér efnid ítarlega svo að ákvörðun um fjárfestingu sé sem best upplýst hverju sinni.

## ÍV Íslensk hlutabréf – Aðallisti hs.

ÍV Íslensk hlutabréf - Aðallisti, kt. 670412-9970 er rekinn af ÍV sjóðum hf., dótturfélagi Íslenskra verðbréfa hf. og er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

### Markmið og fjárfestingarstefna

#### Markmið

Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta í jöfnum hlutföllum í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland.

#### Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn fjárfestir í hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland samkvæmt fyrirfram ákveðinni aðferðafræði sem er notuð sem grunnur að eignasamsetningu sjóðsins. Aðferðafræðin ákvarðar þannig hlutfall hvers hlutabréfs í sjóðnum en heimild er til skilgreindra frávika til að lágmarka viðskiptakostnað eða vegna tímasetningar greiðslna, s.s. arðgreiðslna. Sjóðurinn hefur heimild til að víkja frá aðferðafræðinni til að tryggja sér hlutabréf í félögum þar sem skráning á skipulegan markað Nasdaq Iceland er fyrirhuguð og innan við 45 dagar eru þar til hlutabréf félagsins verða tekin þar til viðskipta. Aðferðafræðin byggir á því að fjárfesta skilyrðislaust í jöfnum hlutföllum í þeim hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland á hverjum tíma.

#### Sundurliðun fjárfestingaheimilda

Hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland og hlutabréf sem verða tekin til viðskipta innan 45 daga.	90% - 100%
Heimilt frávík einstaks hlutabréfs frá aðferðafræðinni	+/- 0,75%

#### Fjárfestingartímabil

Sjóðurinn er ákjósanlegur kostur fyrir þá sem vilja ávaxta fjármuni til millilangs eða langs tíma (2 ár eða lengur).

#### Arður og ávöxtun

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður, þ.e. arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign er bætt við höfuðstól sjóðsins.

#### Kaup og Innlausnir

Hlutdeildarskírteini í sjóðnum eru innlausnarskyld að kröfu eigenda. Kaup eða innlausn á hlutdeildarskírteinum er möguleg alla virka daga. Beiðni sem berst fyrir kl. 14:00 ber að afgreiða tveimur virkum dögum síðar (T+2).

### Áhætta og ávöxtun



1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

- Áhættumælikvarðinn mælir áhættu vegna verðsveiflna á eignasafni sjóðsins. Flokkunin byggir á útreikningi VAR gildis (Value-at-Risk) sem mælir verðbreytileika og fylgni undirliggjandi eigna sjóðsins.
- Sjóðurinn fellur í áhættuflokk 5 af 7 vegna verðsveiflna undirliggjandi verðbréfa.
- Lægsti áhættuflokkurinn þýðir ekki að fjárfestingin sé áhættulaus.
- Áhættumælikvarðinn getur breyst á milli tímabila vegna breytinga á eignasafni sjóðsins.

Áhættumælikvarðinn nær ekki yfir alla áhættuþætti sem skipt geta máli. Aðrir helstu áhættuþættir samfara fjárfestingu í sjóðnum eru:

- Seljanleikaáhætta / lausafjáraáhætta: Hætta á að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja.
- Mótaðilaáhætta: Hætta á að útgefandi verðbréfa eða mótaðili greiði ekki á gjalddaga.
- Rekstraráhætta: Hætta á að eignir misfarist eða tapist vegna vörslu eigna.

Nánar er fjallað um áhættu sjóðsins, þ.m.t. fleiri áhættuþætti en hér eru taldir, í útboðslýsingu sjóðsins sem nálgast má á [www.ivsjoDIR.is](http://www.ivsjoDIR.is).

## Gjöld fyrir þennan sjóð

## Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu:

Gjald við kaup:	1,0% (hámark 5,0%)
Gjald við sölu:	0,0%

Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu áður en fjárfest er.

## Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli:

Umsýsluþóknun:	0,80%
Viðvarandi gjöld:	0,89%

## Gjöld dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður:

Árangurstengd þóknun:	0,0%
-----------------------	------

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

**Gjöld vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina** eru hámarksgjöld sem rekstrarfélaginu er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins. Í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé lægra en upplýsingar um slík má nálgast hjá söluaðila sjóðsins.

**Umsýsluþóknun** er greidd til rekstrarfélags sjóðsins fyrir að annast rekstur hans og stýringu eigna. Undanskilin eru viðskiptakostnaður tengdur eignasafni sjóðsins og vörslugjöld vegna fjármálagerna í hans eigu.

**Frekari upplýsingar um gjöld er að finna í útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is).**

## Fyrri árangur

Ár	Nafnávöxtun
2021	42,40%
2020	28,00%
2019	18,10%
2018	-6,00%
2017	0,40%
2016	2,30%
2015	40,60%
2014	-0,40%
2013	38,40%

Ávöxtun í fortíð er ekki trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Eignarhlutdeild í sjóði getur aukist, rýrnað eða staðið í stað.

Við útreikning á ávöxtun er tekið tillit til gjalda og þóknana, annarra en kostnaðar vegna kaupa og sölu.

Árangur sjóðsins er reiknaður í íslenskum krónum.

Sjóðurinn var stofnaður árið 2012.

## Hagnýtar upplýsingar

Vörsluaðili sjóðsins er Íslensk verðbréf hf.

Útboðslýsing, gengi, ársreikningur og hálfársuppgjör sjóðsins eru aðgengileg hjá ÍV sjóðum, [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is).

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi og fer um skattskyldu hagnaðar samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003. Íslensk verðbréf hf., vörslufyrirtæki rekstrarfélags sjóðsins sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Fjármagnstekjuskattur reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum.

Frekari skattlagning kann að eiga sér stað hjá fjárfestum, t.d. varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi. Fjárfestar sem eru í óvissu með skattalega meðferð eignarhlutdeilda í sjóðnum eru hvattir til að leita sér faglegrar ráðgjafar óháðs ráðgjafa á sviði skattamála.

ÍV sjóðir hf. er einungis ábyrgt fyrir yfirlýsingum í þessu skjali sem kunna að reynast vera villandi, rangar eða ekki í fullu samræmi við hluta af útboðslýsingu sjóðsins.